

Nd.

### **729. Nefndarálit**

um till. til þingsál. um útgáfu hentugra skólabóka.

Kenslumálanefndin skiftist mjög í flokka um það, hvort ráðlegt væri að skipa nefnd þessa. Nokkur hluti hennar vildi hrinda málinu áleiðis og ráða deildinni til að samþykkja tillöguna, en hætti þó við af því að sýnt þótti, að eigi ynnist fylgi. Kaus þessi hluti nefndarinnar því að forðast tímatöf af umræðum, en bjarga þó aðalatriðinu, að deildin léti í ljósi að henni þætti mikils um vert, að gefnar yrði út hentugar skóla

bækur á góðri íslenzku. Til þess léði hinn hluti nefndarinnar fúslega fylgi sitt, því að allir vorum vér sammála um að skólabækur á erlendum málum væri

1. þjóðarskömm,
2. lærisveinum erfiðisauki og töf,
3. átumein í móðurmálsþekkingu.

Urðum vér allir sammála um rökstudda dagskrá til áréttingar um framkvæmd á þessari bókaútgáfu.

Alþingi 4. maí 1909.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
formaður og framsögum.

Jón Magnússon,  
skrifari.

Hálf dán Guðjónsson.

Jón Jónsson þm. N.-M. Eggert Pálsson. Stefán Stefánsson. Björn Þorláksson.